



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 27. febrúar 2013 kl. 20.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum undir lið 1 var Jón Þór Kjartansson.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Sorpsvæði í Reykhólahreppi.

- Farið var yfir úttekt frá Agli Sigurgeirssyni, þar sem hann fer yfir stöðuna á sorpsvæðinu í Króksfjarðarnesi. Búið er að loka svæðinu og grófhreinsa. Ekki hefur verið unnt að fínhreinsa svæðið vegna klaka í jörðu. Stefnt er að því að klára allan frágang í vor.
- Jón Þór kom á fundinn til að kynna fyrir nefndinni hugmyndir sínar um moltugerð. Hann er búinn að fá tilboð í moltugerðarhús. Leigan á húsinu er sambærileg og á einum gámi. Hann leggur til að hætt verði með gáma við Reykhólaskóla, Barmahlíð og einn á endurvinnslusvæðinu.
- Nefndin leggur til að leigt verði moltugerðarhús á endurvinnslusvæði Reykhólahrepps.
- Nefndin óskar eftir að fá sjá tölur um urðað magn af sorpi og hvað hefur áunnist við flokkun í Reykhólahreppi. Sett verði inn frétt á reykholar.is þar sem íbúar eru upplýstir um stöðu mála.
- Lagt til að farið verði yfir sorpmál á íbúafundi, hvernig til hefur tekist og hver framtíðarplön eru. Nefndin leggur til að öll heimili fái ílát og þar til gerða poka vegna moltugerðar.

2. Reglugerðir um fráveitu og sorp, ásamt gjaldskrá.

- Reglugerð um fráveitu. Nefndin telur að fara þurfi betur yfir þennan málaflokk. Afgreiðslu frestað.
- Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi, Nefndin telur að fara þurfi betur yfir samþykktina og aðlaga betur að Reykhólahreppi. Afgreiðslu frestað.
- Gjaldskrá fyrir móttöku eyðingu sorps í Reykhólahrepp, samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

3. Umsögn um reglugerð í samræmi við b.-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dagsett 25. febrúar 2013.

Nefndin *veitir ekki umsögn.*

4. Staðsetning núverandi ruslasvæðis

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni, dagsett 27. júní 2012.

Nefndin biðst afsökunar á að hafa ekki afgritt erindi þetta fyrr. Búið er að taka til á endurvinnslusvæðinu að gera það snyrtilegt og aðlaðandi. Ekki er í framtíðarplönun umhverfisnefndarinnar að flytja endurvinnslusvæðið annað.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22.
